

# Íslandsmótið í sveitakeppni 2007

## Mótsblað nr. 5



Ritstjóri: Ísak Örn Sigurðsson

Sveitir Eyktar og Karls Sigurhjartarsonar áttust við í þriðju umferð úrslitanna en ljóst að hvorki sveit Grant Thornton né Myndforms gátu náð öðru sætinu. Sveit Myndform ákvað þá að gefa leikinn við Grant Thornton 0-18 og sá leikur var ekki spilaður. Sveit Karls þurfti hins vegar að vinna leikinn 19-11 til að landa sigrinum, með 16 eða fleiri impum. Sveit Eyktar vann hins vegar sannfærandi 20-10 sigur og er því Íslandsmeistari í sveitakeppni árið 2007. Til hamingju Eykt!

### Lokastaðan

1	<b>Eykt</b>	<b>273</b>
2	<b>Karl Sigurhjartarson</b>	<b>255</b>
3	<b>Grant Thornton</b>	<b>234</b>
4	<b>Myndform</b>	<b>193</b>
5	<b>Garðar &amp; Vélar</b>	<b>168</b>
6	<b>Skeljungur</b>	<b>166</b>
7	<b>Fisk Seafood hf</b>	<b>159</b>
8	<b>Málning</b>	<b>148</b>
9	<b>Sp. Norðlendinga</b>	<b>145</b>
10	<b>Herðir</b>	<b>140</b>
11	<b>undirfot.is</b>	<b>136</b>
12	<b>Garðsapótek</b>	<b>120</b>



Íslandsmeistarar í sveitakeppni 2007 er sveit Eyktar. Þorlákur Jónsson, Jón Baldursson, Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen, Sverrir Ármannsson, Bjarni Einarsson og Guðmundur Baldursson forseti Bríðesambands Íslands.



Sigurbjörn Haraldsson og Bjarni H. Einarsson "stálu" efsta sætinu í buterkeppninni af Sveini Rúnari Eiríkssyni og Hrannari Erlingssyni í síðustu umferð, sem höfðu leitt keppnina allan tímann áður.

## Úrslit í leikjum gærdagsins

### 1. umferð:

<u>Viðureign</u>	<u>impar</u>	<u>V.stig</u>
Eykt – Myndform	28 – 17	17 – 13
Karl Sigurhjartarson – Grant Thornton	41-43	15 – 15

### 1. umferð:

<u>Viðureign</u>	<u>impar</u>	<u>V.stig</u>
Myndform – Karl Sigurhjartarson	13 – 40	9 – 21
Grant Thornton – Eykt	2 – 55	3 – 25

### 1. umferð:

<u>Viðureign</u>	<u>impar</u>	<u>V.stig</u>
Eykt – Karl Sigurhjartarson	38 - 16	20 - 10



Hrólfur Hjaltason virðist ekkert vera að svekkja sig þó að hann hafi misst af titlinum að þessu sinni



Það var oft þröng á þingi í uppgjörinu.



Eyktarmenn að landa góðum sigri á sveit Grant Thornton



Hermann Lárusson reynir að útskýra hvað fór úrskeiðis.

### 1.leikur úrslita - Spil 6

Austur gefur ♠108762

AV á hættu ♥DG842

♦94

♣4

♠Á9

♥3

♦ÁG107653

♣DG8

	N	
V		A
	S	

♠ -

♥K10976

♦D

♣Á1097652

♠KDG543

♥A5

♦K82

♣K3

Þetta var forvitnilegasta spilið í fyrstu umferð fjögurra liða úrslitanna. Eins og vænta mátti voru sagnir fjörugar á öllum borðum og börðust áttirnar um samninginn. Tvö NS enduðu í 5 spöðum, eitt AV par í 6 lafum og eitt par í 6 spöðum. Í leik Eyktar og Myndforms, opnaði Bjarni á einu laufi á hönd austurs, Þröstur Ingimarsson dobaði, Sigurbjörn sagði einn tígul og Hermann stökk í fjóra tígla sem úttekt í hálitina. Þröstur valdi 4 spaða, Bjarni sagði 5 tígla og doblaði síðan 5 spaða Þrastar. Þröstur taldi sig eiga nægjanlega góð spil til þess að redobla, en það reyndist misráðið. Þrír gjafaslagir voru beint og auk þess lá hjartaliturinn í hel og Þröstur varð að sætta sig við 2 niður og 600 í dálk andstæðinganna. Það var 11 impa sveifla til sveitar Eyktar sem vann leikinn með 12 impa mun.

### GETRAUNIN

Samtals bárust 33 atkvæðaseðlar í getraunina um þær sveitir sem komust í úrslit fjögurra efstu. Tveir seðlar reyndust vera með rétta niðurstöðu, en annar seðillinn var nafnlaus. Hinn var merktur Ólafi Lárussyni og fær hann því páskaegg að launum fyrir getspekina.

### 2.leikur úrslita - Spil 7

Suður gefur ♠A1098

Allir á hættu ♥Á6

♦K10

♣KG743

♠KG

♥G7432

♦93

♣D1086

	N	
V		A
	S	

♠D3

♥D105

♦DG762

♣952

♠76542

♥K98

♦Á854

♣Á

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hrannar	Sverrir	SveinnR.E.	Aðalst.
			1S
pass	2L	pass	2H
pass	2S	pass	3H
pass	3S	pass	4T
pass	4H	pass	4S
pass	6S	p/h	

Hinn eðlilegi samningur virðist vera 4 spaðar á þessu spili, en Aðalsteinn og Sverrir settu "rílei" spurnarvélina í gang. Svör Sverris við spurningum Aðalsteins sýndu skiptinguna 5-3-4-1, 5 kontról og ekki kontról í spaða. Þá sá Aðalsteinn fyrir sér að svarið um trompdrottninguna myndi vera óþægilegt og hann skaut því á 6 spaða. Vinningslíkurnar á að liturinn falli 2-2 hjá andstöðunni eru um 40% en lukkan gekk í lið með Eykt og slemman stóð í þessari hagstæðu legu.

Ritstjórnin þakkar fyrir sig og vonar að þeir sem fylgst hafa með mótinu hafi notið þess! Gleðilega páska!

Ísak Örn Sigurðsson